

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2008

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. haldinn í Skipasmíðastöðinni (Gamla Bauk) á Húsavík, 21. maí 2008, kl. 10:00.

Mættir voru fulltrúar frá 8 hluthöfum af 18, með 90,9% hluta á bak við sig: Norðurþing, Byggðastofnun, Framsýn - stéttarfélag, Fræ ehf, Pingeyjarsveit, Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur og Reynihlíð hf. Auk þess starfsfólk AP og gestir.

1. Stjórnarformaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Starfsmenn fundarins

Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Sigurgeir Höskuldsson, og fundarritara, Gunnar Jóhannesson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfa.

3. Skýrsla stjórnar

Björn Ingimarsson stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum og vísast hér í.

Í máli hans kom m.a. fram:

Starfsemi AP hefur verið að breytast og eflast á undanförunum misserum. Þetta hefur kallað á breytingar í starfsmannamálum og fjölgun stöðugilda eftir því sem verkefni hafa kallað á og aðstæður leyft. Vöxturinn hefur fyrst og fremst verið í fyrirferðarmiklum sérverkefnum. Dæmi um það er svokallað GEBRIS verkefni sem hófst haustið 2007, en með því gafst tækifæri til að sinna enn betur svæðinu austan Jökulsár.

Byggðastofnun sagði upp samningum um atvinnu- og byggðapróun við atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni um mitt ár 2007 með 6 mánaða fyrirvara. Var þess vænst að aukið fjármagn yrði sett í þennan málaflokk á fjárlögum og félögunum gert kleift að efla verulega sitt starf. Því miður gekk það ekki eftir. Í nýjum samningi er það fjármagn sem er verkefnatengt aukið nokkuð frá fyrri samningi en atvinnuþróunarfélögunum er gert að keppa um það fjármagn, þannig að ekki er hægt að líta á það til grunnstarfsemi félaganna.

Á árinu 2007 voru gerðir nokkrir fleiri samningar (auk áður nefnds samnings við Byggðastofnun). Hér má nefna samninga við Héraðsnefnd Pingeyinga, Norðurþing vegna verkefnisins „Sjálfbært samfélag“, Garðarsstofu ehf vegna verkefnisins „Garðarshólmur“, og Markþing. Þá voru gerðir samningar við 3 sveitarfélög vegna GEBRIS verkefnisins, Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og Norðurþing.

Á árinu 2007 unnu stjórn og starfsmenn AP að því að fá gerðan vaxtarsamning við iðnaðarráðuneytið en slíkir samningar höfðu þá verið gerðir við flest svæði á landsbyggðinni. Þessum viðræðum lauk með undirritun á Vaxtarsamningi Norðausturlands milli AP og iðnaðarráðuneytisins 8. janúar 2008.

Með aukinni áherslu AP á svæðisbundin verkefni, nýtingu auðlinda í þágu héraðsins, þátttöku í alþjóðasamstarfi, stefnumótun, útgáfu kynningarefnis og aðkomu að markaðssetningu svæðisins, hefur mynd verkefna eðlilega breyst. Segja má að félagið hafi gengið í gegnum ákveðna umbreytingu sem hefur leitt af sér ákveðna vaxtarverki. Félagið er þó án efa á réttri leið.

Umsvif AP árið 2007 voru svipuð og árið áður. Rekstrarhalli ársins nam kr. 6,2 milljónum sem fyrst og fremst er rakið til uppsafnaðs halla á sérverkefnum og hækkunar vaxta. Eiginfjárstaða félagsins hefur eðlilega versnað. Við slíka stöðu er ekki hægt að una.

Í máli stjórnarformannsins kom einnig fram að ýmis teikn eru á lofti sem gefa raunhæfar væntingar um að fjárhagur félagsins muni styrkjast á næstunni. Nefndi hann í því sambandi tillögur Norðausturnefndar sem nýlega voru lagðar fyrir forsætisráðherra.

Björn Þakkaði starfsfólki AÐ og samstarfsmönnum í stjórn fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Hann bauð Reinhard Reynisson, nýjan framkvæmdastjóra félagsins, velkomin til starfa. Þá þakkaði hann fráfarandi framkvæmdastjóra, Tryggva Finnssyni, sérstaklega fyrir gefandi og ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Að lokum sagði stjórnarformaðurinn.

„Þó að það syrti í álinn í augnablikinu þá er síður en svo ástæða til að láta hendur fallast. AÐ hefur alla burði til að halda áfram að vera öflugur hvati á atvinnuþróun og nýsköpun í Þingeyjarsýslum. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin og lykilstofnanir í héraði fylki sér áfram um félagið og láti ekkert trufla það ágæta samstarf.“

4. Reikningar félagsins fyrir árið 2007

Ársreikningur AÐ 2007 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers hf. - Birni St. Haraldssyni.

Tryggvi Finnsson fráfarandi framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn og rakti einnig nokkuð ítarlega ýmis atriði er varða fjárhagslega stöðu og hvað horft hefur verið til varðandi reksturinn. Kom m.a. inn á Kísilgúrsjóð, en þrátt fyrir áform tókst ekki að fá niðurstöðu í nýtingu á fjármunum sjóðsins á árinu 2007.

Helstu niðurstöður ársreikningsins:

Rekstrartekjur	50.447.126
Rekstrargjöld	(55.280.126)
Fjármagnsliðir	(1.347.224)
Tap ársins	(6.180.224)
Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	3.286.046
Eigið fé.....	(8.097.598)
Skuldir.....	11.383.644
Niðurstaða efnahagsreiknings	3.286.046

Umræður um skýrslu og reikninga:

Engar umræður.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

5. Ráðstöfun hagnaðar/taps.

Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

6. Kosning stjórnar.

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur.

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson
Birna Björnsdóttir
Björn Ingimarsson
Pétur Snæbjörnsson
Sigurgeir Höskuldsson

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn.

Varastjórn:

Guðmundur Guðmundsson
Haraldur Bóasson

Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að Guðmundur, sem er fulltrúi Byggðastofnunar, hafi seturétt sem áheyrnarfulltrúi, með málfrelsi og tillögurétt, á öllum stjórnarfundum.

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.

7. Kosning endurskoðanda

Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers hf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.

8. Þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 30.000 fyrir liðið starfsár, og til stjórnarformanns kr. 60.000. Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

Gunnlaugur Stefánsson velti upp nauðsyn þess að færa stjórnarlaun upp í eitthvað samræmi við raunveruleikann og tók sem dæmi hliðstæða stjórnarsetu í öðrum félögum þar sem sveitarfélög tilnefna fulltrúa. Einnig í ljósi þess að starfið eykst frekar en hitt með auknum fjölda funda og meiri umsvifum. Beindi því til stjórnar að huga að þessu fyrir næsta aðalfund. Björn Ingimarsson upplýsti að málið hefði verið rætt á stjórnarfundum en í ljósi rekstrarlegrar niðurstöðu ársins var ákveðið að gera tillögu um óbreytta upphæð frá síðasta aðalfundi.

Tillagan síðan borin upp og hún samþykkt.

9. Önnur mál.

Að loknu stuttu kaffihléi voru tekin fyrir sérmál aðalfundar undir yfirskriftinni “Hvar erum við – hvert ætlum við”. Flutt voru 3 erindi.

Stefnumótun í ferðabjónustu – stöðumat: John Hull, Ferðamálasteiri Nýja Sjálands og Ferðamálasteiri Íslands kynnti vinnu við stefnumótun í ferðamálum fyrir Norðausturland sem er í gangi á þessu ári að frumkvæði AÐ. Verkefnið hefur vakið athygli víða og mun væntanlega verða undanfari og fyrirmynd fleiri hliðstæðra verkefna á Íslandi. Að loknu erindi John's bætti Edward Huijbens frá Ferðamálasteiri Íslands nokkrum orðum við.

Samþætt áætlanagerð: Árni Ragnarsson, Byggðastofnun.

Fjallaði um þátttöku Byggðastofnunar og Skipulagsstofnunar í norrænu verkefni „Spatial Planning in Northern Peripheral Regions“. Áhersla verkefnisins er umfjöllun um samþætta áætlanagerð á mismunandi sviðum og stigum stjórnsýslunnar, með það að meginmarkmiði að stuðla að sem bestum árangri.

Vaxtarsamningur – Þróunaráætlun: Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri AP.

Talaði um vaxtarsamning Norðausturlands og kynnti einnig hugmynd um þróunaráætlun fyrir svæðið. Mikilvægt að nýta tilkomu vaxtarsamningsins til að móta stefnu og áætlun til lengri tíma. Hægt er að ná árangri með samþættri áætlanagerð en til þess þarf m.a. gott og virkt samstarf hagsmunaaðila, sveitarfélaga, atvinnulífs og þekkingargeirans.

Öll framsöguerindin voru áhugaverð og féllu auk þess vel í „samþætt flæði“ um mikilvæg viðfangsefni.

Björn Ingimarsson þakkaði fyrir góð erindi og góðan fund. Hann þakkaði sérstaklega Tryggva Finnssyni fráfarandi framkvæmdastjóra fyrir ánægjulegt samstarf og afhenti honum gjöf sem þakklætisvott frá félaginu.

Tryggvi þakkaði fyrir sig og fór nokkrum orðum um starfið undanfarin ár og þær breytingar sem hafa átt sér stað. Félagið er í dag hæfara en áður til að sinna öflugum starfi og skila góðum árangri, með fjölgun starfsfólks úr einu stöðugildi þegar hann byrjaði í þann góða og samhenta hóp sem nú starfar hjá félaginu. Að lokum þakkaði hann stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið.

Hvatningarverðlaun AP 2008

Björn Ingimarsson lýsti ákvörðun stjórnar AP um hvatningarverðlaun 2008. Að þessu sinni voru tvær viðurkenningar veittar, til Hvalasafnsins á Húsavík og Skóbúðar Húsavíkur. Reynir Jónasson og Ásbjörn Björgvinsson tóku við viðurkenningum og þökkðu kærlega fyrir þá hvatningu sem í þessu felst.

Fundarmönnum og gestum síðan boðið til hádegisverðar.

Björn Ingimarsson sleit fundi kl. 12:45.